

Alþingi  
Velferðarnefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2019

Tilvísun: 2019030753/BFR

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarefndar Alþingis frá 25 mars 2019 um umsögn um frumvarp til laga á breytingu á lögum um sjúkratryggingar (persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga) (þskj. 1050, 644. mál á 149. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu cru lagðar til breytingar á 34. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

#### 1.

Í a-lið 1. gr. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að orðin „að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda“ í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 112/2008 falli brott.

Verði ákvæðið óbreytt að lögum, er það mat Persónuverndar að ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 112/2008 verði í betra samræmi við 1. tölul. 9. gr., sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Helgast það af því að samþykki getur ekki orðið gildur lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga þegar skýr aðstöðumunur er á milli hins skráða og ábyrgðaraðila, einkum þegar ábyrgðaraðilinn er opinbert yfirvald, sbr. formálsorð 43 persónuverndarreglugerðar (ESB) 679/2016, sem lögfest var hérlandis með lögum nr. 90/2018, enda fullnægir slík yfirlýsing ekki því skilgreiningaratriði samþykkis að vera óþvingað.

Með hliðsjón af framangreindu gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við ákvæði a-liðar 1. gr. frumvarpsins.

#### 2.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að við ákvæði 34. gr. laga nr. 112/2008 bætist ný málsgrein, svohljóðandi: „Sjúkratryggingastofnun ber að upplýsa framangreinda aðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 3. mgr. eins og hægt er hverju sinni.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1.-4. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 679/2016, er almenna reglan sú að ábyrgðaraðila beri að veita hinum skráða tilteknar upplýsingar um vinnslu



persónuupplýsinga, þegar þær hafa ekki fengist hjá honum sjálfum. Sú regla gildir þó ekki í tilteknum tilvikum, sbr. t.d. þegar ekki er unnt að veita upplýsingarnar eða slíkt kostar óhóflega fyrirhöfn (b-liður 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 679/2016) eða skýrt er mælt fyrir um öflun eða miðlun upplýsinganna í lögum, sem kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni hins skráða (c-liður 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 679/2016).

Fyrri málsliður b-liðar 1. gr. þess frumvarps sem hér er til umsagnar, árettar að Sjúkratryggingastofnun beri að veita skráðum einstaklingum tilteknar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga og samrýmist að því leyti 1. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1.-4. mgr. 14. gr. reglugerðar ESB 679/2016.

Síðari málsliður b-liðar 1. gr. frumvarpsins takmarkar hins vegar upplýsingarétt skráðra einstaklinga umtalsvert, enda er lagt til að réttur einstaklinga til upplýsinga verði háður mati á því hvort hægt sé að veita upplýsingar hverju sinni.

Í athugasemdum við ákvæðið er ekki skýrt hvernig leggja cigi mat á það hvort hægt sé að veita upplýsingar.

Persónuvernd bendir jafnframt á að heimild til takmörkunar á upplýsingarétti samkvæmt frumvarpinu er talsvert rýmri en leiðir af b-lið 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 679/2016, enda er takmörkun samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu háð ákveðnum viðmiðum sem þar eru tiltekin.

Með vísan til alls framangreinds, leggur Persónuvernd til að b-lið 1. gr. frumvarpsins verði breytt og hljóði svo:

„Sjúkratryggingastofnun ber að upplýsa framangreinda einstaklinga um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 3. mgr., í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 679/2016.“

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Bjarni Freyr Rúnarsson